

1874.

2. júlí.

og austurumdæmi Íslands stingur uppá, að setja megi 3 kúgildi á jörðina Hjaltastaði, sem heyrir undir Reynistaðar klausturs góz, og fella jafnmörg kúgildi úr á 5 öðrum jörðum undir sama umboði; í tilefni af þessu hafið þér stungið uppá, að kúgildin verði keypt að, með því fé það, sem til kaupanna gengur, gefi hér um bil 10 af hundraði í leigum; aptur á hinn bóginn álitíð þér, að eigi skuli neitt ákveðið um það, hvort fella skuli burt kúgildin á hinum jörðunum, fyr en sá byggingartími, sem nú er, sé úti, en með því það virðist óhentugt, að skipta kúgildum í minni parta en hálf t kúgildi, hafið þér samt lagt til, að taka megi tvær ær af jörðunni Kjartanstaðakoti og eina af Þröm, en með því móti verður eptir eitt kúgildi á annari jörðunni en $1\frac{1}{2}$ á hinni.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á, að keypt verði 3 kúgildi handa Hjaltastaðum fyrir fé úr umboðssjóðnum, og skal því við bætt, að verurum yður reyndar samdóma í því, að eigi skuli skipta kúgildum í minni parta en $\frac{1}{2}$ kúgildi, en samt þykir best við eiga að gjöra enga breytingu á því fyrirkomulagi, sem nú er, fyr en jarðirnar losna.

50. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um styrktarsjóð Jóhannesar Kristjánssonar.

3. júlí.

Í bréfi 15. apríl þ. á. hafið þér, herra landshöfðingi, stungið uppá, að fengin verði konungleg staðfesting á stofnunarbréfi óðalsbónda Jóhannesar heitins Kristjánssonar, dagsettu 7. febrúar 1869, viðvíkjandi »styrktarsjóði Jóhannesar Kristjánssonar handa fátækum námfúsum bændaefnum í Helgastaða-, Húsavíkur- og Ljósavatns hreppum.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjöríð það, að dómsmálastjórnin hefir gefið út

1874.

3. júlí.

staðfesting í nafni konungs á skrá þessari, og sendum vör yður til frekari ráðstöfunar staðfestingarskjalið.

Fylgiskjal.¹

Í skiptaráðstöfun minni, dagsettri 3. októbr. 1865, sem samþykkt er og undirskrifuð af erfingjum mínum, hef jeg ráðstafað 500 rd. af verði jarðarinnar Laxamýrar, sem innistendur hjá syni mínum, Sigurjóni bónda á Laxamýri, þannig, að þeim verði að mér látnum varið til mentunarstyrks einkum í búnaði og jarðyrkju, handa námfúsum, en fátækum bændaefnum í þeim þremur hreppum, hvar jeg hef alið allan aldur minn, nefnilega Helgastaða-, Húsavíkur- og Ljósavatnshreppum. Þarsem drottinn hefir nú þóknast að treina líf mitt fram á þennan dag, hef jeg við nákvæmari yfirvegun fundið nauðsynlegt, að gjöra ítarlegri ráðstöfun um fyrirkomulag og stjórn þessarar litlu stofnunar eftir minn dag, og verður það, sem eftir fylgir.

1.

Sjóður þessi skal nefnast: Styrktarsjóður Jóhannesar Kristjánssonar handa fátækum námfúsum bændaefnum í Helgastaða- Húsavíkur- og Ljósavatnshreppum.

2.

Að mér fráfallnum setist innstæðan á vöxtu gegn óbundnu og áreiðanlegu fasteignarverði og ávaxtist þartil sjóðurinn er orðinn 1000 rd. Má eigi taka til vaxtanna, fyrri en sjóðurinn hefir náð þeirri upphæð, sem nú var sagt.

3.

Þá er sjóðurinn hefir náð tæðri upphæð, sem mér telst til að verði að 18—20 árum liðnum, frá andláti mínu, ef vel er

¹) Frumritið er á Íslenzku.

áhaldið, þá skal fara að verja leigunum til að styrkja einn eða fleiri námfúsa unga menn af bændastött, til að afla sér nauðsynlegrar kunnáttu í búnaði og jarðarrækt. Styrkurinn veitist einungis mönnum í þeim 3 hreppum, sem að framan voru nefndir, og skulu niðjar mínir hafa forgöngurætt, ef til eru og verðugir finnast til að njóta styrksins.

1874.

3. júlí.

4.

Verði búnaðarskóla eða þessleiðis mentastofnun komið á fót hér í sýslu, skal sjóðurinn leggjast til tæðrar stofnunar, henni til styrktar og viðgangs. Þó skal sjóðurinn jafnan vera sèrstök stiptun með sèrskildum reikningum og ágóðanum eða afgiftinni jafnan vera varið á þann hátt, sem ákveðið er í 3. gr.

5.

Sem stjórnendur og umsjónarmenn sjóðsins tilnefni jeg sýslumanninn og héraðsprófastinn samt alþingismanninn fyrir syðra kjördæmi sýslunnar, hverir sem eru eða verða kunna.¹ Þessir menn hafa á hendi umsjón og ábyrgð sjóðsins, undir yfirumsjón amtmannsins í norður- og austurumdæminu, hverjum þeir senda árlega skilagrein um efnahag og meðferð sjóðsins. En þá er úthluta skal styrk þeim, sem að framan er getið, kveðja stjórnendurnir sjer til ráðaneytis hreppstjórana í þeim 3 hreppum, sem áður eru nefndir.

Þessa mína síðustu ráðstöfun undirskrifa eg og innsigla í viðurvist tveggja vitundar votta.

Krossi, þann 7. febrúarm. 1869.

Jóhannes Kristjánsson.

(handsalað)

L. S.

Vitundar vottar:

Jón Sigurðsson.

E. Halldórsson.

¹) Í staðfestingarskjalinu er ákveðið, að það skuli vera komið undir alþingismanninum sjálfum, hvort hann vili taka þátt í stjórn sjóðsins. Að öðru leyti er þar engin breyting gjörð á stofnunar-skránni.